

Dags eftirlits	15.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Langanesbyggð Bakkaf	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Fjarðarvegi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420369-1749	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Almar Marínósson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit og tvær ábendingar voru settar fram.

Opin eru eldri frávik og varða þau sömu atriði og lögð voru fram í eftirliti 2024.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Langanesbyggðar á Bakkafirði í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Urðunarstaðurinn hefur heimild til að taka á móti og urða allt að 200 tonn af úrgangi á ári. Starfsleyfið var gefið út þann 21. mars 2018 og er gildistími þess til 21. mars 2034.

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- 1) Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- 2) Farið yfir starfsleyfið
- 3) Eftirlitsmælingar og skráningar
- 4) Áætlanir og viðbrögð
- 5) Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- 6) Kynning á meðfylgjandi gögnum
- 7) Önnur mál
- 8) Skoðunarferð á urðunarstað

1. Þrjú frávik eru opin frá síðasta eftirliti og vann rekstraraðili eftir samþykktari úrbótaáætlun. Frávikin vörðuðu móttekinn úrgang inn á urðunarstað sem ekki fellur að móttökuskilyrðum staðarins, ófullnægjandi skráningar og ófullnægjandi skil á skráningum, úrbótum er ólokið og frávikin enn opin.

2. Farið var yfir kröfur starfsleyfis.

3. Ársyfirliti rekstraraðila var skilað þann 6. júní 2025 og er það frávik. Rekstraraðili vinnur innan marka móttökuheimildar starfsleyfis. Í ársyfirliti sem skilað var til Umhverfis- og orkustofnunar koma ekki fram skráningar á tölul. nr. 3 og 4. Vöktunarmælingum vegna samsetningu yfirborðsvatns úr læk fyrir ofan og neðan urðunarstað var ekki skilað.

4. Rekstraraðili hefur lagt fram afrit af bráðamengunartryggingu sbr. lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.

5. Niðurstaða áhættumats 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits á næsta ári skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit helst óbreytt frá síðasta ári.

6. Fjallað var um breytt fyrirkomulag eftirlits hjá Umhverfis- og orkustofnun og voru einnig kynntar nýjar leiðbeiningar um olfuskiljur, en erindi um hvoru tveggja fylgdi fundarboði eftirlits. Fjallað var um breytingar á fyrirkomulagi skila á Umhverfisupplýsingum, en fyrr á árinu var sent erindi þess efnis á alla starfsleyfishafa hjá Umhverfis- og orkustofnun. Varðar breytingin rg. nr. 990/2008 um ústreymisbókhald, sbr. breytingareglugerð nr. 206/2025. Rekstraraðilar atvinnurekstrar, sbr. viðauka I og viðauka II í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, skulu skila árlega umhverfisupplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar til viðbótar við skil á skráningum ársyfirlits sbr. starfsleyfi eftir því sem við á.

7. Önnur mál voru tekin til umræðu, m.a. staða úrgangsmála í sveitarfélaginu og aðlögun að breyttum skilyrðum sorphirðu og þeim áskorunum sem fylgja þeim breytingum. Þann 14. febrúar sl. fór fram minniháttar breyting á starfsleyfi rekstraraðila, þar sem 7-11. tl. í 1. mgr. gr. 4.1 í starfsleyfi var felldur á brott, við þær breytingar fellur niður skylda rekstraraðila til að skrá niðurstöður vöktunarmælinga vegna veðurs og uppgufunar og byggir á undanþáguheimildum vegna afskekktar byggðar.

8. Farið var í vettvangskoðun inn á urðunarstað, á því svæði sem tilheyrir skipulögðu svæði skv. deiliskipulagi er til staðar mótttekinn úrgangur sem ekki er heimilt að taka á móti. Allur mótttekinn úrgangur skal fara eftir móttökuskilyrðum starfleyfis og vera urðaður, ekki er heimilt að geyma úrgang inn á urðunarstað. Fjarlægja þarf allan úrgang af svæðinu sem ekki tilheyrir sjálfri starfseminni. Aðkomuhlið og girðingar eru til staðar og í lagi. Eitthvað var um að úrgangur hafi fokið umhverfis urðunarstaðinn og verður að sjá til þess að umhverfið sé snyrtilegt.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.2 í starfsleyfi og 9. gr. rg. nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.

Allur úrgangur skal færður til viðeigandi meðhöndlunar og fara annað hvort beint til endurnýtingar eða á söfnunar-/móttökustöð og þaðan til endurnýtingar eða förgunar. Urðunarstaður Langanesbyggðar er eingöngu förgunarstaður. Á urðunarstað er geymdur úrgangur sem ekki fellur að móttökuskilyrðum til urðunar og hefur verið geymdur þar til lengri tíma.

gr. 4.1 í starfsleyfi:

Skráningum vegna tl. nr. 3 og 4 varðandi stöðu urðunarstaðar og vöktun á sigi var ekki skilað í skráningum við skil ársyfirlits vegna ársins 2024.

gr. 4.2 í starfsleyfi:

Vöktun vegna samsetningu yfirborðsvatns fór ekki fram árið 2024 og skráningum þess efnis ekki skilað.

gr. 4.4 í starfsleyfi:

Niðurstöðum skráninga innra eftirlits var skilað eftir skilafrest, þann 6. júní 2025 og fráviki því lokið.

ÁBENDINGAR

Ábending 1:

Niðurstöður vöktunarmælinga skulu studdar af yfirlitsmynd af urðunarstaðnum með merktum staðsetningum eða af skráðum upplýsingum með hnitsetningum sem sýna fram á staðsetningar mælibrunna. Einnig skal skrá staðsetningar þar sem samsetning yfirborðsvatns er mælt og þar sem rennslismæling er framkvæmd. Gæta þarf svo vel að merkingum fyrir hvað sýnatökur standa fyrir í skráningum við skil á þeim upplýsingum.

Ábending 2:

Allur mótttekinn úrgangur skal lagður í urðunarhólf og birgður samdægurs, m.a. það timbur sem mótttekið er ef ekki finnst viðeigandi endurnýtingarfarvegur fyrir það. Eingöngu er heimilt að nota óvirkan úrgang í frágang fyllinga. Timbur er ekki óvirkur úrgangur. Ákvörðunartaka um landmótun þar sem úrgang á að nýta í fyllingar skal fara í gegnum skipulagsferli eins og við á. Umhverfis- og orkustofnun hefur gefið út frekari leiðbeiningar sem ber að hafa til hliðsjónar varðandi endurnýtingu úrgangs í fyllingar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir